

um embættisbústaði.

Flm.: Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um embættisbústaði. Undirbúningur löggjafarinnar skal miða að því að endurskoða og samræma gildandi lagafyrirmæli, reglur og venjur varðandi skyldur ríkisins til að sjá embættismönnum fyrir bústöðum, að því að firra ríkissjóð óþörfum útgjöldum vegna bygginga, kaupa og viðhalds embættisbústaða og að því að leyst verði á viðunandi hátt þau húsnæðismál starfsmanna ríkisins, sem nauðsynlegt verður talið að hið opinbera hafi með höndum.

Greinargerð.

Miklir fjármunir hafa á síðari tímum verið festir í byggingum, kaupum og endurbótum á embættis- og starfsmannabústöðum ríkisins, og árleg útgjöld vegna nýbygginga og viðhalds þeirra nema nú milljónatugum króna. Er því tvímælalaust fyllsta ástæða til að gefa því fullan gaum, hvort skipan þessara mála er með þeim hætti, að ekki verði verulega um bætt bæði frá fjárhagssjónarmiði ríkisins og með tilliti til þess, að fullnægt sé eðlilegri skyldu ríkisins til að sjá ýmsum starfsmönnum sínum fyrir viðunandi bústöðum.

Lagafyrirmæli, er varða embættisbústaði, eru allmörg og sundurleit, enda sett á ýmsum tímum og við ólíkar aðstæður. Þá hafa og skapast um þessi efni reglur og venjur, sem vafasamt er að eigi sér fullgildar stoðir í lögum, og framkvæmdir oft verið handahófskenndar.

Afleiðingar þessa hafa svo orðið þær, að mikillar mismununar gætir varðandi fyrirreiðslu til handa starfsmönnum ríkisins að þessu leyti, að ríkið eyðir stórfé umfram þarfir til embættisbústaða, sem kostaðir eru að nauðsynjalausu í mesta fjölbýli þjóðarinnar, og svo á hinn bóginn, að skyldur ríkisins eru ýmist ekki viðurkenndar eða vanræktar í ýmsum þeim tilvikum, þar sem bráðnauðsynlegt er, að séð sé sómasamlega fyrir bústöðum þeirra, er starfa í þjónustu ríkisins eða stofnana þess. Eru um þetta harla nærtæk dæmi, ekki sízt um fjársóun, sem viðgengizt hefur bæði í sambandi við nýbyggingar og kaup á embættisbústöðum.

Eftirlit allt með nýbyggingum og viðhaldi bústaða í eigu ríkisins er nú á mörgum höndum í stað þess að fela það einni ríkisstofnun, sem vafalaust væri hvort tveggja kostnaðarminna og skapaði meira samræmi í framkvæmdum.

Það er skoðun flm. þessarar till. til þál., að tímabært sé að taka þessi mál til gagnræðrar athugunar og skipa þeim í samræmi við nútímaaðstæður og almenna hagsmuni, og er tilli. flutt í þeim tilgangi, að svo verði gert. Mundi þá trúlega sannast, að unnt væri að losa miklar fjárhæðir, sem að ástæðulausu hafa þegar verið festar í embættisbústöðum í fjölbýlinu, og firra ríkissjóð frekari byrðum af þeim og nýjum útgjöldum, sem fylgja mundu óbreyttri skipan að þessu leyti. Þetta fjármagn væri síðan eðlilegt að nota til átaks í þeim húsnæðismálum ríkis og ríkisstofnana, sem óhjákvæmilegt er að sinna betur en gert hefur verið, jafnframt því sem sparað yrði í ríkisútgjöldum.